



Skattaspor

Fyrir Orkuveitu Reykjavíkur árið 2021

Skattasvið KPMG

Mars 2022



Inngangur

Frekari upplýsingar í tengslum við þessa skýrslu veita:

Kistrún Helga Ingólfssdóttir
Partner

□ 545 6035
✉ kingolfsdottir@kpmg.is

Anna María Ingvarsdóttir
Senior Manager

□ 545 6231
✉ aingvarsdottir@kpmg.is

Í heimi aukinna væntinga

Skattlagning og skattgreiðslur eru mikilvægir þættir í umræðu um fyrirtæki, ríki, sveitafélög, fjöldi og aðra hagsmunaaðila.

Aukið gegnsæi um skattgreiðslur til ríkis og sveitarfélaga er eitt af þeim atriðum sem lánveitendur líta til við mat á viðskiptavinum.

Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeirri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað.

Samskipti

Árangur í viðskiptum byggir ekki eingöngu á því sem gert er, heldur einnig á því sem sagt er og hvernig samskipti eru við hagsmunaaðila.

Miðun upplýsinga um skattamál þarf ávallt að vera vönduð og skýr til að fyrirbyggja mögulega mistúlkun.

Skattaspor

Skattaspór fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lifeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra.

Í skýrslu þessari eru veittar upplýsingar um skattaspór samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2021 sundurliðað á þær tegundir skatta og gjalda sem fyrirtækið stóð skil á.

Markmið með birtingu upplýsinga um skattaspór fyrirtækisins er að sýna hvað rekstur þess á árinu 2021 skilaði til samfélagsins í formi skatta og gjalda.



Orðskýringar



Fjárhagslegt verðmæti

Er jafnt heildartekjum fyrirtækis og innifelur rekstrartekjur, fjármunatekjur og söluhagnað eigna. Er sett fram sundurliðað eftir ráðstöfun þess.



Skattaspor fyrirtækis

Innifelur skatta og gjöld sem greidd eru til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða (gjaldfærðir skattar), auk skatta sem innheimtir eru og staðið skil á til fyrvalda.



Gjalfærðir skattar

Skattar og gjöld sem teljast kostnaður fyrirtækis og hafa áhrif á afkomu þess. Lögboðin gjöld á launagreiðslur til starfsmanna s.s. tryggingagjald og mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóði falla einnig hér undir.



Innheimtir skattar

Innheimtir skattar teljast ekki gjöld fyrirtækis en eiga sér uppruna í starfsemi þess og hafa áhrif vegna þeirrar umsýslu sem þeim tilheyrir.



Skattar á hagnað

Skattar lagðir á veltu og/eða hagnað. Fyrst og fremst er um að ræða tekjuskatt.



Skattar á eignir

Skattar vegna kaupa, sölu, eignarhalds eða notkunar á varanlegum rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum.



Starfsmannaskattar

Skattar og gjöld sem tengjast starfsmönnum fyrirtækis og skuldbindingum vegna þeirra.



Vöru-, viðskipta- og framleiðsluskattar

Skattar og gjöld lögð á og innheimt af fyrirtæki vegna sölu á vörum og þjónustu til viðskiptavina. Orkuskattur og flutningsjöfnunargjald eru hér með talin.



Grænir skattar

Skattar lagðir á vegna umhverfissjónarmiða sem hafa það að markmiði að mynda hvata til að draga úr losun skaðlegra efna eða skattar á vörur sem eru skaðlegar umhverfinu.



Afdráttarskattar

Skattar á tekjur lagðar á við uppruna. Afdráttarskattar finnast í flestum skattkerfum og eru lagðir á arð, vexti, þóknanir og sambærilegar tekjur.



Virðisaukaskattar

Er lagður á söluverð vöru og þjónustu sem útskattur og greiddur af aðföngum og aðkeyptri þjónustu og telst innskattur. Mismuni útskatts og innskatts er skilað í ríkissjóð eða fæst endurgreiddur. Virðisaukaskattur telst ekki til skattaspors nema þegar selt er til endanlegs neytanda og ef um er að ræða innskatt sem ekki er heimilt að nýta og telst til rekstrarkostnaðar fyrirtækis.

Grunnurinn að greiningunni

Inngangur

Orkuveita Reykjavíkur er móðurfélag samstæðu orku- og veitufyrirtækjanna Veitur, Orka náttúrunnar, Gagnaveita Reykjavíkur og Carbfix en félögin sjá viðskiptavinum fyrir vatni, rafmagni, fráveitu og gagnaflutningi. Starfssvæði veithanna nær til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins en rafmagn er selt um allt land.

Samstæðan leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Forsendur

Skýrsla þessi er unnin af KPMG fyrir stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur. KPMG aflaði upplýsinga um skattaspor Orkuveitu Reykjavíkur með því að senda spurningarlista til stjórnenda félagsins. KPMG hefur reitt sig á nákvæmni þeirra upplýsinga en hefur hvorki endurskoðað né sannreynnt þær.

Umfang skýrslunnar

Fjárhagsupplýsingar í skýrslu þessari taka til starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga hennar.

Allar fjárhæðir eru settar fram í milljónum króna (m.kr.) nema annað sé tekið fram.

Í textanum hér á eftir er jöfnum höndum fjallað um „OR“, „fyrirtækin“ og „samstæðuna“.



Fjárhagslegt verðmæti samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur

Fjárhagslegt verðmæti

Orkuveita Reykjavíkur skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti.

Fjárhagslegt verðmæti (verðmætasköpun) fyrirtækjanna á árinu 2021 nam 52.073 m.kr., sem samanstendur af rekstrartekjum, fjármunatekjum og söluhagnaði. Í raun er um að ræða þau verðmæti sem samstæðan skapaði með rekstri sínum á árinu 2021.

Framlag fyrirtækjanna til viðskiptaumhverfisins samanstendur af þáttum eins og launum og launatengdum gjöldum, aðkeyptri þjónustu, vörugaupum, vaxtagreiðslum til fjármögnunaraðila o.fl.

Á árinu námu launagreiðslur, án þeirra launatengdra gjalda sem skilað er til yfirvalda og lífeyrissjóða, 6.018 m.kr. á árinu 2021. Beinar launagreiðslur námu því 11,6% af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækjanna.

Heildargjaldfærsla greiddra skatta og annarra gjalda til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða vegna starfseminnar á árinu 2021 nam 5.496 m.kr. sem nemur 10,6% af fjárhagslegri verðmætasköpun fyrirtækjanna.

Hér má sjá myndræna framsetningu á því hvernig fjárhagslegt verðmæti fyrirtækjanna á árinu 2021 skiptist á helstu liði.

Fjárhagslegt verðmæti árð 2021 = 52.073 m.kr.


- Almennur rekstrarkostnaður - 17.546 m.kr.

- Launagreiðslur - 6.018 m.kr.

- Fjármögnunaraðilar - 10.973 m.kr.

- Greiðslur til yfirvalda og lífeyrissjóða - 5.496 m.kr.

- Afkoma - 12.040 m.kr.



Hvað felst í skattaspóri samstæðunnar

Skattaspór OR


Verðmætasköpun sem verður til í starfsemi samstæðunnar hefur þau áhrif að félögin standa skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Skattaspór OR samanstendur því bæði af sköttum sem eru gjaldfærðir í rekstri samstæðunnar og þeim sköttum sem félögini innan hennar innheimtu og stóðu skil á. Skattaspórið vísar því til þeirra skatta og gjalda sem myndast vegna verðmætasköpunar sem rekstur félaganna skilar.

Á árinu 2021 nam skattaspór OR samtals 8.699 m.kr. og skiptist þannig að gjaldfærðir skattar námu 5.523 m.kr. en félögini móttóku þróunarstyrk að fjárhæð 27 m.kr. og áhrif á rekstur félaganna vegna skatta og gjalda því samtals 5.496 m.kr. Innheimtir skattar námu 3.203 m.kr. Á árinu 2020 nam skattaspór félaganna samtals 8.785 m.kr. þar sem gjaldfærðir skattar námu 5.676 m.kr. en móttékinn þróunarstyrkur að fjárhæð 19 m.kr. er færður til lækkunar á þeirri fjárhæð í rekstrarreikningi, samtals 5.657. Þá námu innheimtir skattar 3.128 m.kr. Gerð er nánari grein fyrir skattgreiðslum þessum í umfjöllun hér á eftir.

Félögini greiddu virðisaukaskatt að fjárhæð 12.015 m.kr. vegna kaupa á aðföngum og þjónustu en þar sem hluti af starfsemi samstæðunnar er undanþegin virðisaukaskatti fengi félögini eingöngu 10.489 m.kr. endurgreiddar. Útskattur sem var lagður á þann hluta starfseminnar sem er virðisaukaskattskyldur nam 13.911 m.kr. og greiddu félögini því virðisaukaskatt til yfirvalda samtals að fjárhæð 3.422 m.kr.

Einu áhrif virðisaukaskatts sem ber að innifela í skattspori fyrirtækis er innskattur sem greiddur er og fæst ekki endurgreiddur og/eða útskattur af sölu til endanlegra neytenda. Viðskiptavinir samstæðunnar sem eru í virðisaukaskattskyldri starfsemi geta fengi virðisaukaskattinn endurgreiddan. Virðisaukaskattur af sölu til annarra aðila fæst ekki endurgreiddur og er endanlegt framlag. Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um rétt viðskiptavina til að nýta virðisaukaskatt af seldri þjónustu til frádráttar, er eingöngu sá hluti virðisaukaskattsins sem er gjaldfærður í rekstri OR talinn með í skattaspóri fyrirtækisins, en hann nam 1.527 m.kr.




Upplýsingar um skattaspor fyrirtækjanna

Lykilatriði úr greiningunni

Helstu niðurstöður um skattaspor OR eru þessi:

- Verðmætasköpun af rekstri samstæðunnar á árinu 2021 nam 52.073 m.kr. sem ráðstafað var til samfélagsins með margvíslegum hætti s.s. með launagreiðslum til starfsmanna, greiðslum á launatengdum gjöldum, kaupum á aðföngum frá birgjum, greiðslu annarra opinberra gjalda o.s.frv.
- Skattbyrði OR vegna ársins 2021 nam 5.496 m.kr. eða 10,6% af verðmætasköpun fyrirtækjanna en um þriðjungur fjárhæðarinnar eða 1.754 m.kr. er tekjuskattur til greiðslu, um fjórðungur eða 1.484 m.kr. eru lögboðin gjöld vegna starfsmanna og annar fjórðungur eða 1.527 er virðisaukaskattur sem er gjaldfærður í rekstri félaganna.
- Til viðbótar við skatta sem gjaldfærðir voru hjá samstæðunni, innheimti hún og stóð skil á sköttum og gjöldum sem ekki eru gjöld hennar en tengjast rekstrinum og þeim verðmætum sem hann skilar með beinum hætti. Slíkir innheimtir skattar námu 3.203 m.kr. á árinu 2021.
- Skattaspor samstæðunnar nam því samtals 8.699 m.kr. á árinu 2021. Í yfirlitnu hér til hliðar er nákvæm sundurliðun á þeim sköttum og gjöldum sem mynda skattaspor samstæðunnar.



Skattaspor

Skattaspor

Skattaspor samstæðunnar nam samtals 8.699 m.kr. á árinu 2021 og greinist í gjaldfærða skatta og innheimta skatta.


Gjaldfærðir skattar

Gjaldfærðir skattar í rekstrarreikningi námu samtals 5.496 m.kr. Af þeim voru 3.934 m.kr. greiddar í ríkissjóð, 995 m.kr. til lífeyrissjóða og 567 m.kr. til sveitarfélaga í formi fasteignagjalda.

Innheimtir skattar

Innheimtir skattar voru samtals 3.203 m.kr. og voru einkum greiðslur vegna launþega.

Samtals námu greiðslur til ríkisjóðs 1.740 m.kr. Framlög starfsmanna til lífeyrissjóða námu 514 m.kr. og útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga námu 949 m.kr.




Gjalfærðir skattar og gjöld


Gjalfærðir skattar og gjöld

Gjalfærðir skattar og gjöld í rekstri námu samtals 5.496 samanborið við 5.657 m.kr. árið 2020 og eru einkum vegna eftirfarandi liða:

- Tekjuskattur
- Lögboðin gjöld vegna starfsmanna sem gjalfærð eru hjá fyrirtækinu svo sem mótframlag í lífeyrissjóði og tryggingagjald
- Virðisaukaskattur sem er gjalfærður í rekstri fyrirtækisins
- Skattar á eignir sem eru fasteignagjöld
- Aðrir skattar, m.a. orkuskattur, flutningsjöfnunargjald, rekstrarleyfi, heilbrigðisgjald, umsýslugjald til ríkisskattstjóra, eftirlitsgjald, bifreiðagjöld, leyfisgjöld og þróunarstyrkur sem kemur til lækkunar á öðrum sköttum.




- Tekjuskattur
- Virðisaukaskattur
- Skattar á eignir
- Aðrir skattar



- Tekjuskattur
- Skattbyrði félags vegna starfsmanna
- Skattar á eignir

Gjalfærðir skattar og gjöld, eftir tegundum





Innheimtir skattar


Innheimtir skattar

Innheimtir skattar nema samtals 3.203 m.kr. (2020: 3.128 m.kr.) og eru:

- Skattar starfsmanna sem innifela útsvarsgreiðslur til sveitarfélaga að fjárhæð 949 m.kr. og tekjuskatt í ríkissjóð að fjárhæð 1.039 m.kr. Að auki eru 514 m.kr. dregnar af launum starfsmanna og staðið skil á til lifeyrissjóða. Á árinu 2020 námu greiðslurnar 931 m.kr. til sveitafélaga, 1.020 m.kr. í ríkissjóð og 493 m.kr. til lifeyrissjóða.
- Orkuskattur og flutningsjöfnunargjald sem er innheimtur af viðskiptavinum og staðið skil á til yfirvalda.
- Fjármagnstekjkattur vegna vaxtatekna sem fyrirtækin hafa innheimt á árinu.




Innheimtir skattar, eftir tegundum skatta



■ Skattbyrði starfsmanna ■ Orkuskattur og flutningsjöfnunargjald ■ Fjármagnstekjkattur

Skattaspór - þróun

Skattaspór fyrirtækjanna hefur verið tekið saman frá árinu 2017 þegar gjaldfærðir skattar voru 11,3% af fjárhagslegu verðmæti þess. Á því tímabili sem skattaspór félaganna hefur verið sett fram hafa gjaldfærðir skattar verið um 9,3 – 11,6% af fjárhagslegu verðmæti hvers árs. Breytt hlutfall skýrist einkum af breytingu á gjaldfærðum sköttum en breyting á milli áranna 2021 og 2020 má sjá á síðu 9.





kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2022 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.